



Kári Jónasson

Ég starfaði lengi við fjölmiðla hér og vann fyrir erlendar fréttastofur. Hóf fjölmiðlaferilinn á tímaritum, síðan lá leiðin yfir á dagblaðið Tímann, vann svo við breytinguna yfir í hægri umferð, og var í meira en 30 ár á Útvarpinu, fyrst sem fréttamaður og síðan fréttastjóri í meira en 18 ár.

Þá tók við annar þáttur í lífi mínu þegar ég snéri mér að leiðsögn, og hef síðan verið leiðsögumaður hundruða Íslendinga og útlendinga hér á landi og í Grænlandi.

Ég gekk til liðs við Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fyrir nokkrum árum. Var fyrst í varastjórn félagsins, en undanfarin 2 ár í aðalstjórn. Hef ákveðið að gefa kost á mér eitt tímabil í viðbót. Innan félagsins hef ég auk þess að sinna almennum framfara- og baráttumálum FEB, einkum starfað við að skipuleggja og fara með eldri borgara í ferðir hér innanlands, og komið að útgáfu Félagstíðinda FEB. Þá hef ég skrifað nokkrar greinar í blöð og haft mig í frammi varðandi kjaramál eldri borgara og fleira í þeim dúr. Þar er mikið verk óunnið.



Kolbrún Stefánsdóttir

Kolbrún Stefánsdóttir býr í Grafarvogi og er félagi í Korpúlfunum. Hún ólst upp á Raufarhöfn og bjó þar fyrstu 40 árin.

Hún er fædd 1950 og kynntist því síldarævintýrinu og var orðin síldarstúlka um fermingu.

Á Raufarhöfn starfaði hún í fiski og við afgreiðslustörf í búðum, lækningaritari og fóstra og rak Félagsheimili með föður sínum.

Þá var hún gjaldkeri hjá Fiskiðju Raufarhafnar áður en hún hóf störf hjá afgreiðslu Landsbanka Íslands á staðnum.

Hún var fyrsta konan sem ráðin var sem útibússtjóri hjá Landsbankanum 1989 og starfaði sem slíkur í yfir 20 ár.

Þegar hún flutti til Reykjavíkur tók hún rekstrar – og viðskiptafræði hjá EHI og síðar mannauðsstjórnun með vinnu í Landsbankanum. Hún hætti 2005/6 hjá L.I og gerðist framkvæmdastjóri hjá Starfsafli – starfsmenntasjóði fyrir ófaglegt verkafólk- og síðar í 5 ár framkvæmdastjóri hjá Sjálfsbjörg – landssambandi hreyfihamlaðra og var þar til 2011.

Kolbrún var framkvæmdastjóri Heyrnarhjálp- félags heyrnarskertra á Íslandi í 8 ár og lauk starfsferli síðustu áramót.

Hún var formaður LEK- Landsambands eldri kylfinga 2014 og 2015.

Hún var í 20 ár soroptimisti og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum innan þeirra samtaka en þau berjast fyrir bættum hag kvenna um allan heim og eiga sinn fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Hún er forseti í Rótarýklúbbnum Straumi í Hafnarfirði 2020-2021 og lýkur því starfi eftir u.þ.b. tvo mánuði.

Síðustu 4 ár hefur hún verið fulltrúi ÖBI í Öldrunarráði Íslands.

Hún er og hefur verið stjórnarmaður í Heilaheill í nokkur undanfarin ár, var í stjórn Evrópusamtakanna SAFE í 2 ár en það eru frjáls félög slagpola í Evrópu sem mynda það bandalag.

Áhugamálin eru golf, flug, blak, dans og söngur, göngur og útivist ýmiskonar, og að kynnast nýju fólki og nýjum verkefnum.

Hjartans málin eru svo barnabörnin sex sem eru á aldrinum frá 26 og niður í 5 ára tvíbura.



Sigurbjörg Gísladóttir

fædd 14.11.1948

Er í sambúð með Hreini Hjartarsyni, veðurfræðingi. Við eigum 3 uppkomin börn og 6 barnabörn.

Menntun: Háskólinn í Ósló Lífræn efnafræði Cand. Real. 1978, Háskólinn í Ósló Raunvísindadeild Cand. Mag. 1972 Aðalnámsgreinar: Efnafræði og grasfræði. Menntaskólinn í Reykjavík Stærðfræðideild Stúdentspróf 1968

Starfsferill:

Vottunarstofan Tún: Verkefnastjóri 2014-2019 Vinna við rekjanleika-vottun í sjávarútvegi. Er nú formaður í vottunarnefnd fyrir sjálfbærar sjávarnytjar.

Norræna ráðherranefndin: Verkefnastjóri fyrir Norræna nefnd um eiturefni og hættuleg efni 2008-2013

Umhverfisstofnun: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs 2003-2007

Hollustuvernd ríkisins: Forstöðumaður eiturefna og - hollustuháttasviðs 1992-2002; Sérfræðingur á mengunarvarnasviði, loftmengunarmálefni 1984-1992

Flensborgarskóli: Efnafræðikennari 1980-1984

Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins: Sérfræðingur/ efnafræðideild 1979.

Félagsstörf:

Hef alla mína starfsævi verið mjög virk í ýmisskonar félagsstörfum: Var trúnaðarmaður á vinnustað þegar ég starfaði sem kennari, sat lengi í stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga og ýmsum nefndum á vegum félagsins þ.m.t. í vísindanefnd og orlofsnefnd. Sat einnig í orlofsnefnd Bandalags Háskólamanna í nokkur ár. Hef alla tíð verið virk í pólitísku starfi og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á þeim vettvangi, þar með talin seta í nefndum á vegum Reykjavíkurborgar. Sat í stjórn Landsvirkjunar í nokkur ár.

Er nú í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis (FEB) og fulltrúi í kjaranefnd Landsambands eldri borgara (LEB). Sit í einnig í nefndum á vegum FEB.

Helstu áhugamál: Félagsmál, heilsurækt, bridge, ferðalög, gönguferðir, gönguskíði, garðyrkja, skógrækt og umhverfismál.



Gunnar Ólafur Kvaran

Ég undirritaður Gunnar Ólafur Kvaran, býð mig fram til stjórnarkjörs á aðalfundi FEB sem haldinn verður 8. mars 2022

Ég hef starfað á ýmsum vetvangi. Starfaði meðal annars hjá Loftleiðum, Flugleiðum og síðan hjá Hafskip. Hóf síðan störf hjá Jónum, flutningsmiðlun og var þar framkvæmdastjóri í nokkur ár. Starfaði síðan sem framkvæmdastjóri félags og útbreiðslusviðs hjá SÁÁ.

Ég er kvæntur Sigríði Þorvaldsdóttur Kvaran og eigum við saman þrjú börn og níu barnabörn

Virðingarfyllt,

Gunnar Ó. Kvaran

Árskógum 1a

109 Reykjavík



Gunnlaugur K. Jónsson

Ég, Gunnlaugur K. Jónsson kt. 200856-0079, býð mig fram til stjórnarkjörs á aðalfundi FEB sem haldinn verður 8. mars n.k.

Ég hóf störf í lögreglunni í Reykjavík árið 1977 og lét af störfum sökum aldurs á síðasta ári (65 ára) og þá sem yfirlögregluþjónn á skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Ég er forseti Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ) og sit í stjórn Heilsustofnunar NLFÍ.

Ég er giftur Auði Guðmundsdóttur flugfreyju og eigum við tvö börn og tvö barnabörn.

Virðingarfyllt,

Gunlaugur K. Jónsson



Halldór Frímansson

Ég býð mig fram í stjórn FEB.

Ég er 68 ára fjölskyldumaður. Ólst upp í Mosfellsbæ og hef búið síðast liðin 25 ár í Reykjavík. Er lögfræðingur með víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og starfa núna sem fasteignasali.

Hef setið í stjórn FEB frá síðasta aðalfundi sem varamaður. Er í kjaranefnd, formaður fulltrúaráðs Leigufélags aldraðra og formaður húsnæðisnefndar FEB. Það sem hefur komið mér mest á óvart við stjórnarsetuna er hversu tímafrek þessi sjálfboðavinna er, en ástríðan fyrir málefnum eldri borgara vegur það ennþá upp.

Ég vil í fyrsta lagi leggja áherslu á hagsmunamál eldri borgara. Við þurfum að nýta þann slagkraft sem eldri borgarar hafa til að ná fram breytingum sem við teljum sjálfsagðar og erum búin að hamra á ítrekað allt of lengi. Nú standa fyrir dyrum sveitastjórnarkosningar og þá eigum við að fá frambjóðendur til þess að tjá sig um okkar brýnustu mál og hvað þeir ætla að gera varðandi þau. Dropinn holar steininn.

Þar eiga húsnæðismálin að vera í algerum forgangi. Við þurfum að fjölga búsetuúrræðum sem standa eldri borgurum til boða. Í því skyni verður að gera kröfu til þess að bætt verði úr skorti á byggingarlóðum fyrir aldraða. FEB þarf að beita sér fyrir byggingu leigu- og eignaríbúða fyrir eldri borgara. Í þessu sambandi eru m.a. búsetuúrræði sem er millistig milli heimilis og hjúkrunarheimilis nauðsynleg til að mæta vaxandi vanda á húsnæðismarkaði.

Ég styð kröfur Gráa hersins og bind vonir við að þau málaferli sem nú standa yfir leiði til jákvæðrar niðurstöðu varðandi afnám skerðinga sem taka mið af greiðslum sem eldri borgarar fá úr lífeyrissjóðum.

Auk þess tel ég löngu tímabært að embætti Umboðsmanns aldraðra verði sett á laggirnar.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á fjölbreytt félagsstarf eldri borgara og stuðla með því að fjölgun félagsmanna og koma í veg fyrir einangrun þeirra. Áfram verði boðið uppá fjölbreytt námskeið og hreyfingu fyrir félagsmenn.

Reykjavík, 24. febrúar 2022.

Með baráttukveðjum

Halldór Frímansson.



Jón Kristján Árnason

Ég undirritaður Jón Kristján Árnason býð mig fram til stjórnarkjörs á aðalfundi FEB sem haldinn verður 8. mars 2022.

Ég er 68 ára eftirlaunaþegi, fæddur 2. desember 1953. Ég er viðskiptafræðingur að mennt frá Háskóla Íslands. Jafnframt með löggildingu í verðbréfamiðlun. Eiginkona mín og jafnaldri er Sigríður Þórhallsdóttir en við eigum 3 börn og 4 barnabörn. Við hjónin erum bæði félagsmenn í FEB.

Síðustu 11 starfsárin mín vann ég sem vörustjóri hjá Bílabúð Benna en þar áður vann ég aðallega við eigin rekstur ásamt eiginkonu minni við innflutning og sölu á húsgögnum og ýmsum öðrum varningi undir nafni fyrirtækis okkar, Marco ehf.

Ég er félagi í Lionsklúbbnum Nirði. Ég hef áhuga fyrir stang- og skotveiði, svo og ferðalögum bæði héraendis og erlendis.

Kærar kveðjur,

Jón Kristján Árnason
Urðarstekk 7,
109 Reykjavík,
GSM 897 3710



Viðar Eggertsson

(f. 1954)

Viðar hefur setið í stjórn FEB frá árinu 2020 og hefur einnig setið sem fulltrúi FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar, ásamt fleiri trúnaðarstörfum fyrir FEB. Hann gefur kost á sér til áframhaldandi starfa í stjórn FEB.

Áherslur

Velferð allra eldri borgara í leik og starfi. Áhugi hans og áherslur eru ekki síst á kjaramálum eldri borgara.

Hver er Viðar?

- Viðar er í hálfu starfi sem skrifstofustjóri LEB – Landssambands eldri borgara, sem eru heildarsamtök allra félaga eldri borgara á landinu, 55 talsins.
- Viðar er menntaður leikhúslistamaður og hefur starfað sem leikari, leikstjóri og leikhússtjóri í áratugi. Einnig sem dagskrárgerðarmaður á Rás 1 og á að baki hundruða útvarpsþátta.
- Viðar hefur setið í fjölmörgum stjórnnum ýmissa félagasamtaka og stofnana, hér heima og erlendis.